

## „Ég hef horft í dökkt auga andvökkunar“<sup>1</sup>

### Biblíuljóð Vilborgar Dagbjartsdóttur

Vilborg Dagbjartsdóttir hefur notið almennrar viðurkenningar sem skáld allt frá því að þriðja ljóðabók hennar, *Kyndilmessa*, kom út 1971.<sup>2</sup> Í *Íslenskri bókmenntasögu* Máls og menningar er stöðu hennar í ljóðlist okkar lýst svo að hún sé fyrsta íslenska skáldkonan „[...] á fremsta skáldabekk síðan Huldu leið, [...]“.<sup>3</sup> Hér skal þessu kynjaða mati á höfundarverki Vilborgar hafnað og einfaldlega litið svo á að í áratugi hafi hún verið í hópi fremstu skálda þjóðarinnar. Það er því ótvíræður fengur að nýútkomnu heildarsafni ljóða hennar.<sup>4</sup> Hér skal rýnt í hina nýútkomnu bók út frá sjónarhóli guðfræðings.

Víða í ljóðum Vilborgar gætir trúarlegra stefja og minna sem koma fyrir með margháttuðu móti.<sup>5</sup> Þessi ljóð má flokka með ýmsum hætti eftir því hvernig hin trúarlegu stef koma fram í ljóðunum og því hlutverki sem þau gegna. Hér gerist slíkrar flokkunar þó ekki þörf. Látið skal nægja að benda á einn flokk sem Þorleifur Hauksson bókmenntafræðingur nefnir biblíuljóð. Notar hann það flokkunarheiti um ljóð sem ort eru út af einstökum frásögum Ritningarinnar, sækja þangað kveikju eða vísa með öðrum hætti til eins eða fleiri ritningarstaða eða tengjast þeim óbeint en með ótvíræðum hætti.<sup>6</sup>

Einstök orð og orðasambönd í ljóðum Vilborgar geta þó líka skapað svo sterk hugrenningatengsl við ýmsa ritningarstaði að í raun má líta svo á að um sé að ræða vísanir til Biblíunnar án þess að úr því verði endilega skorið með óyggjandi hætti.<sup>7</sup> Í slíkum tilvikum er þó varla um biblíuljóð í fyrrgreindum skilningi að ræða.

Biblíuvísanirnar eins og aðrar trúarlegar vísanir koma fram með ýmsum hætti í ljóðum Vilborgar. Oft gegna þær veigamiklu hlutverki í ljóðinu, mynda jafnvel uppistöðu þess eða eru samofnar því á annan máta. Þar koma þær fram án sérstakrar kynningar og að meira

<sup>1</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2015, bls. 39.

<sup>2</sup> Þorleifur Hauksson, „Bak við marglitan glaum daganna: Vilborg Dagbjartsdóttir og ljóðin hennar“, í Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2015, bls. 7–28, hér 18.

<sup>3</sup> „Formbylting og mótternismi“, *Íslensk bókmenntasaga V*, ritstj. Guðmundur Andri Thorsson, Reykjavík: Mál og menning, 2006, bls. 17–173, hér 152 (Silja Aðalsteinsdóttir). Hulda var skáldanafn Unnar Benediktsdóttur Bjarklind (1881–1946).

<sup>4</sup> Áður hafði ljóðasafn Vilborgar komið út 1981: Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóð*, Reykjavík: Mál og menning, 1981.

<sup>5</sup> Hjalti Hugason, „— og Guð —“. Hann er trúðurinn: Trú í ljóðum Vilborgar Dagbjartsdóttur“. (Óbirt ritgerð). Fjölmörg önnur skáld hafa sótt í sagnaheim Biblíunnar líkt og Vilborg. Höfundur þessarar greinar hefur t.d. í nokkrum greinum fjallað um kveðskap Jóhannesar úr Kötlum og Snorra Hjartarsonar á svipaðan hátt og hér er gert. Þá má benda á skrif dr. Gunnars Kristjánssonar um trúarstef í verkum ýmissa skálda og rithöfunda. Mest hefur hann fjallað um höfundarverk Halldórs Laxness. Sjá t.d. Gunnar Kristjánsson, *Fjallræðuþjóðin: Persónur í skáldsögum Halldórs Laxness*, Reykjavík: Mál og menning, 2002.

<sup>6</sup> Þorleifur Hauksson, „Bak við marglitan glaum daganna“, bls. 14, 16.

<sup>7</sup> Torvelt er að horfa framhjá því að óslitni silfurþráðurinn sem kemur við sögu í „Viðhorf“ (*Síðdegi*, 2010) sé vísun til *Prédikarans* 12.6 ekki síst vegna þess að í báðum tilvikum er vöngum velt yfir lífinu. Í ljóði Vilborgar er silfurþráðurinn óslitinn enda er ljóðið ort í fögnuði yfir lífdögnum. Í *Prédikaranum* slitnar hann við dauðann. Perlan í „Sérstakur dagur“ (*Klukkan í turninum*, 1992) virðist líka vel geta verið vísun til líkingar Krists um perluna sem kaupmaður nokkur fann og fórnaði alciugu sinni fyrir (Matt 13.45–46). Langsóttara er að brjóstin sem líkt er við þroskuð aldin í „Glæpur“ (*Laujið á trjánunum*, 1960) feli í sér vísun í *Ljóðaljóðin* (t.d. 7.8). Lýriskt umhverfi á báðum stöðum skapar þó a.m.k. hugrenningatengsl. Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 40, 140, 230.

eða minna leyti stytta, endursagðar og breyttar eftir því sem verkast vill. Í einu ljóði, „Viðbótarsálmur (ónúmeraður)“ (*Fiskar hafa enga rödd*, 2004), sem er ort fyrir munn stúlunnar með sægrænu augun í „Passíusálmur nr. 51“ eftir Stein Steinarr, er ritningarstaður (Mrk 14.51–52) þó tilfærður sem mottó.<sup>8</sup>

Á tilvitnuðum stað greinir frá ungum manni (guðspjallamanninum sjálfum?) sem fylgdi Jesú í grasgarðinum Getsemane sveipaður línklæði sem hann lét eftir og flýði nakinn er menn vildu hafa hendur í hári hans.<sup>9</sup> Í ljóði Vilborgar er atvikið staðsett í Grasagarðinum í Laugardal í Reykjavík. Ungi maðurinn er félagi í búddistasamtökunum Ananda Marga og er í appelsínugulum kufli sem lögreglan rífur utan af honum svo að hann stendur strípaður eftir. Aðalmaður félagsskaparins er tekinn fastur og það er hann sem er krossfestur á Valhúsahæðinni í ljóði Steins.<sup>10</sup> Þangað þorir ungi maðurinn ekki og stúlkan með sægrænu augun skýrir svo frá í kvæðislok:

Nú þorir hann ekki út.  
Þess vegna fór ég á staðinn.  
Vissi ekki hvað ég átti að gera  
Spurði bara eins og asni!<sup>11</sup>

Þetta ljóð gefur góða vísbendingu um hvernig Vilborg notar tíðum ritningarstaði sem uppistöðu í ljóði en staðsetur það með ótvíræðum hætti í samtíma sínum og brúar þannig bilið milli heims Biblíunnar og samtíðarinnar.

Ljóð sem ort eru út frá Ritningunni þurfa ekki að teljast trúarleg í þröngum skilningi. Tæpast nægir að kveikja þess eða frásagnarefni sé sótt til trúarrits kristinnar kirkju eða þess vegna annarra trúarrita.<sup>12</sup> 52. passíusálmur Vilborgar er t.d. varla trúarlegt ljóð. Miklu skiptir í því sambandi hvernig lagt er út af efninu eða með það farið á annan hátt. Eins geta ljóð vissulega verið trúarleg án þess að tengjast með nokkru móti Biblíunni eða einstökum ritningarstöðum.<sup>13</sup>

Í þessari grein verður fjallað um þennan afmarkaða flokk, biblíuljóðin, eins og hann birtist í nýlega út komnu ljóðasafni Vilborgar. Verða þau skoðuð í ljósi lútherskrar biblíukveðskaparhefðar. Kannað verður hvort þau sverji sig á einhvern hátt í ætt við hana eða gegni sama hlutverki og hún eða einhverju allt öðru. Eins verður kannað hvernig Vilborg beitir biblíuefninu og hvort greina megi boðskap eða túlkun í ljóðunum og hvernig honum sé þá háttað. Loks verður spurt hvort biblíuljóð Vilborgar séu trúarleg og þá á hvern máta.

Þegar leitað er svars við síðustu spurningunni verður litið svo á að trú felist í hugboði um að tilvera okkar búi yfir einhvers konar hæð, dýpt eða breidd sem ekki verði mæld með viðteknum einingum; von um að í tilverunni eða að baki henni búi markmið eða tilgangur og tilfinning fyrir að handan veruleikans kunni að búa óræður leyndardómur sem við „[...] megum ef við viljum kalla [...] Guð“ svo að vísað sé til eins ljóða Vilborgar.<sup>14</sup> Sé öllu meira

<sup>8</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 190–191. Sjá Steinn Steinarr, *Kvæðasafn og greinar*, Reykjavík: Helgafell, 1964, bls. 203.

<sup>9</sup> Josef Schmid, *The Gospel According to Mark*, ensk þýð. Kevin Condon, The Regensburg New Testament, ritstj. Alferd Wikenhauser o.fl., Cork: The Mercier Press, 1968, bls. 273.

<sup>10</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 190–191.

<sup>11</sup> Sama rit, bls. 191.

<sup>12</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir vísar ekki aðeins til Biblíunnar heldur einnig norræns og grískis trúarheims í ljóðum sínum. Sjá t.d. Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 99, 159, 192; Þorleifur Hauksson, „Bak við marglitan glaum daganna“, bls. 24–25; Þorleifur Hauksson, *Úr þagnarhyll. Ævisaga Vilborgar Dagbjartsdóttur*, Reykjavík: Mál og menning, 2011, bls. 281–283.

<sup>13</sup> Hjalti Hugason, „— og Guð —“. Hann er trúðurinn“.

<sup>14</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 241.

lagt í orðið er tæpast um trú að ræða heldur trúarbrögð eða guðfræði.<sup>15</sup> Þegar rætt er um trú í þessari merkingu í ljóðum Vilborgar Dagbjartsdóttur er fremur um að ræða trú sem lesandinn telur sig greina í ljóðunum en skilaboð eða boðskap sem skáldið sjálf vill sannanlega koma til skila. Í ljósi könnunar sem höfundur þessarar greinar hefur gert á trúarlegum stefjum í ljóðum Vilborgar skal raunar fullyrt að trúarlegustu ljóð hennar sé ekki að finna meðal biblíuljóðanna og að raunar séu þau almennt séð ekki sérstaklega trúarleg þegar biblíutengingunni sleppir.<sup>16</sup>

## Biblúkveðskapur í lútherskum sið

Torvelt er að afmarka biblíuljóð almennt í bókmenntalegu samhengi, rekja uppruna þeirra og sögu. Löng hefð er þó fyrir því í kristninni að færa efni Ritningarinnar í ljóðform hvort sem nákvæmlega er lagt út af einstökum ritningarstöðum eða fremur ort út frá munnlegri hefð eða ritum sem byggð kunna að vera á Biblíunni eða einstökum bókum hennar. Mörg helgikvæði miðalda má til að mynda vel skoða öðrum þræði sem biblíuljóð. Hér verður látið nægja að drepa á biblíukveðskaparhefð í lútherskum sið hér á landi.

Siðbótarmenn beittu ýmsum úrræðum til að koma boðskap sínum á framfæri við alþýðu fólks.<sup>17</sup> Þar á meðal var ekki síst sögulegu efni Biblíunnar snúið í ljóð til að hver sem er gæti betur lært og munað efnið en ekki síður þann boðskap sem í frásögnunum fólst og öllu þótti skipta fyrir sálarheill manna.<sup>18</sup> Má þar með segja að siðbótarmenn hafi hagnýtt sér kveðskapinn og bókmenntirnar með svipuðu móti og miðaldakirkjan hafði notað myndlistina til að koma frásögum Biblíunnar og efni þeirra á framfæri við alþýðuna.<sup>19</sup>

Hér á landi var hafist handa fyrir alvöru á þessu sviði með útgáfu Guðbrands Þorlákssonar á *Vísnaþók* hans 1612 sem ætlað var að auðvelda fólki að tileinka sér efni Ritningarinnar og efla kunnáttu þess í kristnum fræðum.<sup>20</sup> Þá var biblíukveðskapnum í *Vísnaþókinni* einnig ætlað að koma í stað bæði helgikvæða miðaldanna og veraldlegs afþreyingar- og skemmtikveðskapar.<sup>21</sup> Ber þar ekki síst að benda á rímnakveðskap.<sup>22</sup> Kemur það glögglega fram í heiti *Vísnaþókarinnar* en fullur titill hennar var: *Ein ný vísnaþók með mörgum andlegum vísnum og kvæðum, sálmum, lofsöngvum og rímum teknum úr heilagri ritningu. Almúgafólki til gagns og góða þrentuð og þeim öðrum sem slíkar vísur elska vilja og iðka Guði almáttugum til lofs og dýrðar en sér og öðrum til gagns og skemmtunar.*<sup>23</sup>

<sup>15</sup> Sú afmörkun sem hér er notuð á „hinu trúarlega“, m.a. í ljóðum Vilborgar Dagbjartsdóttur, byggist á þeim skilningi að tilveran sé víðtækari en við höfum vitræna yfirsýn yfir eða vísindalega þekkingu á. „Hið trúarlega“ vísar því til „hins óþekkta“ og/ eða „andlega“. „Hið trúarlega“ er því víðtækara en trúarbrögð sem slík, þar á meðal kristni. Því má líta svo á að trúarbrögðin séu tilraunir til að tjá „hið trúarlega“, „andlega“ eða „óþekkta“ en ekki tæmandi útlistun á huldum eða óþekktum víddum tilverunnar eða kenningar um þær. Sjá Sven-Gösta Holm, „En rimligare värld?“, *En rimligare värld*, Örebro: Bokförlaget Libris, bls. 9–20, hér 17–18.

<sup>16</sup> Hjalti Hugason, „— og Guð —“. Hann er trúðurinn“.

<sup>17</sup> Hér er siðbót notað um guðfræðileg markmið og sjálfsmynd Lúthers, fylgjenda hans og þeirra gagnrýnenda kirkjunnar á 16. öld sem skildust frá miðaldakirkjunni. Hjalti Hugason, „Heiti sem skapa rými: Heiti og hugtök í siðaskiptarannsóknum“, *Ritid: Tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands* 3/2014, bls. 191–229, hér 226–227.

<sup>18</sup> Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson, „Inngangur“, *Vísnaþók Guðbrands*, Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson sáu um útgáfuna, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2000, bls. vii–li, hér ix.

<sup>19</sup> Sama rit, bls. xx.

<sup>20</sup> Sama rit, bls. xiii, xiv, xv, xix, xx–xxvi.

<sup>21</sup> Sama rit, bls. xiv, xv.

<sup>22</sup> Guðbr. Th. S. [Guðbrandur Þorláksson], „Til lesarans“, *Vísnaþók Guðbrands*, Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson sáu um útgáfuna, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2000, bls. 3; Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson, „Inngangur“, bls. xv–xix, xxiii, xli.

<sup>23</sup> Sama rit, bls. xiii.

Rímur eru oftast endursagnir skráðra sagna í bundnu máli þar sem frásagnarefninu er yfirleitt fylgt nokkuð rækilega. Rímnakveðskapur hófst á 14. og 15. öld og hefur verið litið á rímur sem merkilegustu nýjung í íslenskum kveðskap á síðari hluta miðalda sem ekki eigi sér beina hliðstæðu meðal nágrannaþjóðanna. Rímnaskáld sóttu þó fyrirmyndir til rímaðs söguefnis, „rímaðra rómansa“, sem Íslendingar kynntust á ferðum sínum erlendis og gegndu sama hlutverki og rímurnar hér. Var hér upphaflega um skemmtiefni yfirstéttar að ræða sem náði fljótt vinsældum meðal almennings og hélt þeim allt fram á 20. öld.<sup>24</sup> Með *Vísnabókinni* hófst langvinn menningarbarátta gegn veraldlegu rímunum sem háð var á mörgum vígstöðvum og stóð allt til loka rímnakveðskaparins.<sup>25</sup> Ekki var sú barátta þó háð til lengdar með hjálp biblíurímna.<sup>26</sup> Sú hefð að snúa frásögum Ritningarinnar í bundið mál hélt samt velli þótt með öðrum hætti væri. Það má til dæmis sjá í *Passíusálmum* Hallgríms Péturssonar svo að aðeins sé vikið að þekktasta verkinu.

*Biblúljóð* Valdimars Briem, prests og vígslubiskups, sem komu út skömmu fyrir aldamótin 1900, eru ugglaut kunnasta afsprengi þessarar hefðar hér á landi á síðari tímum.<sup>27</sup> Sjálfur benti hann á að biblúljóð sín bæri hvorki að skoða sem sálma né hugleiðingar í ljóðum er boðuðu einhverjar sérstakar skoðanir. Þvert á móti bæri einvörðungu að líta á þau sem sögulegan kveðskap, nokkurs konar „Biblúsögur í ljóðum, eða jafnvel: Biblíumyndir í ljóðum [...]“.<sup>28</sup> Valdimar ætlaði biblúljóðum sínum því ekki að gegna sama boðunarhlutverki og siðbótarmenn ætluðu biblíukveðskap sínum. Þar með er ekki sagt að hann hafi ekki í mörgum ljóðanna lagt út af orðum Ritningarinnar og boðað kristnar kenningar án þess að það væri eiginlegt ætlunarverk hans með bálkunum. Biblúljóðin virðast á hinn bóginn rúmast innan þeirrar fræðsluhefðar sem Guðbrandur Þorláksson og samverkamenn hans lögðu grunn að. Samt má ekki líta á þetta mikla safn rúmlega 200 ljóða eftir eitt mesta sálmaskáld og höfuðklerk sinnar samtíðar hér á landi sem trúarlegan kveðskap í heilu lagi. Þvert á móti verður að greina hvert einstakt ljóð eftir efnistöfum og andblæ.

## Biblúljóð Vilborgar og hefðin

Eins og sýnt verður fram á hefur Vilborg Dagbjartsdóttir frá upphafi ort biblúljóð. Þess er þó að vænta að hún, sem eitt af leiðandi skáldum okkar á 20. öld, víki frá þeirri endursegjandi aðferð og uppfræðandi markmiðum sem einkenndu hina klassísku, lúthersku biblíukveðskaparhefð fyrri alda. Ljóð eitt frá ofanverðum ferlinum, „Á sjöunda degi“, sýnir þó áhugavert og lífrænt samband Vilborgar við hefðina. Ljóðið birtist í bókinni *Klukkænan í turninum* (1992) og það endurspeglar starf skáldsins sem kennara í Austurbæjarskóla sem

<sup>24</sup> „Kveðskapur frá síðmiðöldum“, *Íslensk bókmenntasaga* II, ritstj. Vésteinn Ólason, Reykjavík: Mál og menning, 1993, bls. 283–378, hér 322–324, 333–335 (Vésteinn Ólason); Davíð Erlingsson, „Rímur“, *Íslensk þjóðmenning* VI, Munnmenntir og bókmenning, ritstj. Frosti F. Jóhannsson, Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1989, bls. 330–371, hér 330, 335–340.

<sup>25</sup> Hjalti Hugason „Kristnir trúarhættir“, *Íslensk þjóðmenning* V, Trúarhættir, ritstj. Frosti F. Jóhannsson, Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1988, bls. 75–339, hér 291–292.

<sup>26</sup> „Nýir síðir og nýir lærdómar: Bókmenntir 1550–1750“, *Íslensk bókmenntasaga* II, ritstj. Vésteinn Ólason, Reykjavík: Mál og menning, 1993, bls. 379–521, hér 406 (Böðvar Guðmundsson); Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson, „Inngangur“, bls. xix.

<sup>27</sup> Biblíukveðskapur Valdimars Briem var svo mikill að vöxtum að réttlætlegt er að nota hann til sérstakrar viðmiðunar hér. Fyrri hefti *Biblúljóða* hans kom út 1896 og fyllti 415 bls. Síðari hlutinn kom árið eftir og fyllti 448 bls. Auk þess ber að geta *Davíðs sálma í íslenskum sálmabúningi*, Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1898, 218 bls., og *Ljóða úr Jobsbók*, Winnipeg: H. S. Bárdal, 1908, 115 bls. Er þá ótalinn allur sálmakveðskapur Valdimars en mikið af honum má vissulega skoða sem biblíukveðskap í þröngum skilningi.

<sup>28</sup> Valdimar Briem, „Formáli“, *Biblúljóð*, Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1896, bls. v–x, hér vii.

einmitt stendur í skugga turnsins sem gnæfir yfir Skólavörðuholtinu í Reykjavík og kemur fram í titli bókarinnar.<sup>29</sup>

Ljóðið er sprottið úr daglegu starfi kennarans, nánar til tekið kennslu í kristnum fræðum, sem Vilborg lagði löngum rækt við.<sup>30</sup> Hér endursegir kennarinn „sköpunarsöguna“, þ.e. fyrri sköpunarsögu *Fyrstu Mósebókar*, skýrir einstök atriði og beitir næmri kennslufræði til að vekja börnin til umhugsunar. Að þessu leyti rúmast ljóðið innan hinnar lúthersku biblíukveðskaparhefðar.<sup>31</sup>

Og Guð skapaði heiminn á sex dögum  
dagar Guðs eru ekki eins og virkir dagar hjá okkur  
heldur ómælanlegir eins og eilífðin  
þegar Guð hafði búið til alla skapaða hluti  
hvað haldið þið að hann hafi þá gert?  
Hann bjó til dýr segir einn  
Hann bjó til blóm segir annar  
Allar hendur eru á lofti  
En Guð hafði skapað dýrin og blómin segir  
kennarinn

hvað gerði hann sjöunda daginn?  
Þögn slær á bekkinn  
Guð horfði á allt sem hann hafði gert  
og sá að það var vel gert  
og þá fann Guð að hann var þreyttur  
hann fór að sofa  
Börnin brosa  
þau skilja að Guð hlaut að vera þreyttur  
Öll nema Siggi litli  
skuggi færir yfir andlitið  
hann réttir hikandi upp höndina  
og spyr óttasleginn:  
Hvenær vaknar Guð?<sup>32</sup>

Hér hverfist gamansöm biblíusögupæling með ungum börnum yfir í ágenga tilveruspurningu með ýmiss konar undirtónum: Hvenær vaknar Guð? Hvað gerist með mann og heim meðan Guð sefur? Er sofandi Guð raunverulegur Guð? Er hann nálægur og lætur hann sér annt um sköpun sína eða er hann afskiptalaus og fjarlægur? Sefur Guð aðeins eða er hann e.t.v. dauður? Í spurningu Sigga rúmast mörg brýnustu viðfangsefni guðfræðinnar á 20. og 21. öld.

Ljóðið gefur nokkra vísbendingu um hvernig Vilborg Dagbjartsdóttir notar ýmsa ritningarstaði í biblíuljóðum sínum til að tengja þá lifuðu lífi á þeim tíma sem ljóðin voru ort, koma á framfæri hugmyndum eða vekja spurningar um lífið og tilveruna.

<sup>29</sup> Þorleifur Hauksson, *Úr þagnarhyl*, bls. 146–154.

<sup>30</sup> Kristín Marja Baldursdóttir, *Mynd af konu: Vilborg Dagbjartsdóttir*, Reykjavík: Salka, 2000, bls. 127–128; Þorleifur Hauksson, *Úr þagnarhyl*, bls. 249–251.

<sup>31</sup> 1Mós 1.1–2.4. Í sömu bók (1Mós 2.5–25) er að finna aðra sköpunarsögu sem rekja má til annarrar frumheimildar Mósebókanna.

<sup>32</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 141. Vilborg veltir einnig vöngum yfir sköpuninni í „Upphafsorðið“ sem hún tileinkar Stephen W. Hawking. Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 241.

## Samsömun og samliðan

Annað af tveimur fyrstu ljóðunum sem Vilborg Dagbjartsdóttir birti (*Melkorka*, 1954) var biblíuljóð.<sup>33</sup> Í ljóðinu sviðsetur skáldið frásögu *Síðari Samúelsbókar* (13.1–22) af því hvernig Tamar, dóttir Davíðs konungs, var beitt ofbeldi og síðan bæði niðurlægingu og þöggun í kjölfar þess. Ammon, hálfbróðir hennar, nauðgaði henni, fylltist í kjölfarið óbeit á fórnarlambi sínu og varpaði Tamar á dyr. Absalon, albróðir hennar, þaggaði málið niður og Davíð, faðir þeirra, reyndist meðvirkur með Ammon, elsta syni sínum, sem hann elskaði umfram önnur börn sín. Báðir voru þó Ammon reiðir. Friðurinn í fjölskyldunni var því rofinn. Ljóðið fjallar þar með um ágengt málefni sem mjög hefur verið til umfjöllunar á síðari árum, kynferðislega misnotkun, viðbrögð við henni og afleiðingar hvors tveggja.

Ljóðið skiptist í tvö erindi. Hið fyrra tjáir girnd og spennu sem kemur fram í ögrandi hvísli, þungum, litsterkum, angandi aldinum og trjágreinum sem svigna undan þunga þeirra. Hið síðara lýsir angist. Þytur vindsins er orðinn ámátlegt vein, laufið er fallið, greinar trjánna líkar máttvana höndum. Angist dauðans er komin í stað þrunginnar frjósemi í fyrra erindinu. Í lokin ávarpar ljóðmælandi Tamar með orðunum: „Ástin er hverful“.<sup>34</sup>

Varast ber að túlka skáldverk ævisögulega eða leita skilnings á þeim í reynsluheimi höfundanna sjálfra. Þó má vera að ljóðið miðli öðrum þræði höfnunarkennd sem skáldið upplifði um þær mundir er ljóðið varð til.<sup>35</sup> Kann sú reynsla að vera forsenda fyrir þeirri samliðan með hinni sviknu Tamar sem myndar rauðan þráð í gegnum bæði erindin. Sama reynsla kann að móta ljóðið „Glæpur“ sem birtist í fyrstu ljóðabók Vilborgar, *Laufið á trjánnum*, sem kom út 1960. Þar gætir sama myndmáls. Ljóðmælandi líkir sér við brumandi tré að vori og brjóstum sínum við „tvö aldin af þroska“. Þegar sælan er mest kemur „hann“ með glóandi töng, slítur úr ljóðmælanda hjartað og „kast[ar] því kviku“. Blóðið sem „[...] áður söng/drýpur úr sárinu“.<sup>36</sup>

„Tamar“ tilheyrir upphafsskeiði í skáldskap Vilborgar sem einkenndist af þunglyndi eða harmi.<sup>37</sup> Það gerir líka elsta biblíuljóðið sem birst hefur í útgefnum bókum hennar. Það nefnist „Jakobsglíman“ (*Laufið á trjánnum*) og er biblíuljóð í þeim sérstaka skilningi að tengsl þess við Ritninguna felast ekki síst í heiti þess sem vísar til *Fyrstu Mósebókar* 32.22–32. Í tveimur síðustu hendingunum er þó vísað til tveggja annarra og mjög ólíkra staða í Ritningunni, eða Daníelsbókar og Jóhannesarguðspjalls (sjá síðar).

Í heild sinni er ljóðið þannig:

Ég hef horft í dökkt auga andvökkunar  
langa nótt hef ég hrópað í bergmálslaust tómið.  
Við morgunskímuna ritaði náfingur á vegginn:  
Ég er sannleikurinn og lífið.<sup>38</sup>

Heiti ljóðsins vísar til ævaforrnar sögu sem segir af því er ættfaðirinn Jakob glímdi næturlangt við ókunnan „mann“ á bökkum Jabboksflióts við vaðið og hafði hvorugur hinn undir. Hinn ókunni glímumaður laust Jakob á mjöðmina svo að hann gekk úr augnakörlunum en

<sup>33</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir, „Tvö ljóð“, *Melkorka* 10:2/1954, bls. 63.

<sup>34</sup> Ljóðið hefur ekki birst í ljóðabókum Vilborgar og verður því ekki birt neitt úr því hér.

<sup>35</sup> Þorleifur Hauksson, *Úr þagnarhyl*, bls. 112–117. Sjá „Formbylting og móðernismi“, bls. 152.

<sup>36</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 40. Í þessu sambandi má einnig benda á „Sorg“ í þessari sömu bók. Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 36. Sjá „Formbylting og móðernismi“, bls. 153.

<sup>37</sup> Sama rit, bls. 153; Þorleifur Hauksson, *Úr þagnarhyl*, bls. 175; Þorleifur Hauksson, „Bak við marglitan glaum daganna“, bls 12–13; Hjalti Hugason, „— og Guð —“. Hann er trúðurinn“.

<sup>38</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 39.

Jakob neitaði að sleppa fyrr en hann hefði hlotið blessun keppinautar síns. Í dagrenningu spurðu þeir hvor annan að nafni. Jakob (sá sem heldur um hælinn) sagði til sín og hlaut blessun ásamt nýju nafni, Ísrael (sá sem glímur við Guð).<sup>39</sup> Glímumaðurinn var áfram óþekktur og nafnlaus en í túlkunarhefðinni hefur verið litið svo á að hann hafi verið engill Drottins sem birtir kraft hans og mátt og þar með Guð sjálfan. Sagan hefur verið túlkuð sem táknsaga um gjörvalla glímu Ísraelsþjóðarinnar við Drottin gegnum aldirnar þar sem oft hefur sorfið að en þjóðin þó haldið velli.<sup>40</sup>

Í ljóðinu tekur persónugerð mynd andvökunnar við hlutverki engilsins eða Guðs en glíma ljóðmælandans stendur við þögult tómið. Með morgunskímunni ritar „náfingur“ Guðs á vegginn líkt og gerðist í svallveislu Belsasar Babýloníukonungs þar sem þjórað var úr heilögum gullkerjum úr musterinu í Jerúsalem. Þá var letrað að ríkisár konungs hefðu verið talin og þau leidd til lykta en hann sjálfur veginn og léttvægur fundinn. Varð hann þá svo skelfdur að líkt var sem mjaðmaliðir hans gengju sundur svipað og henti Jakob forðum.<sup>41</sup> Í Jakobs-glímu hinnar ungu Vilborgar við lífsharm sinn er boðskapur letursins þó huggunarríkari þar sem hann er óbein vísun til orða Jesú í Jóhannesarguðspjalli: „Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið.“<sup>42</sup> Í ljóðinu hljóma þau orð sem blessun í morgunsárið.<sup>43</sup>

Ljóðið sýnir hvernig Vilborg notar táknsögu úr Biblíunni en einnig aðra ritningarstaði til að túlka og tjá sínar eigin sáru tilfinningar. Þar með má segja að hún beiti biblíuljóðaforminu í sálfræðilegum eða sálgæslulegum tilgangi án þess að ljóðið verði persónuverft og sjálfmiðlægt eins og um sjálfshjálparbókmenntir væri að ræða. Ljóð sem kann að eiga sér kveikju í reynslu höfundarins verður þannig að algildu bókmenntaverki með hjálp biblíuvísananna.

## Pólitísk biblíuljóð

Vilborg kveðst sjálf alltaf hafa haft dálæti á ættföðurnum Jakobi. Virðist það tengjast löngun hennar til að vera (karl)maður — andlega séð en ekki kynferðislega — og bera þá það nafn.<sup>44</sup> Frásagnir af ættföðurnum hafa enda verið henni hugleiknar um langt skeið en miklu síðar á skáldferlinum gætir að nýju vísunar til sagnabálksins um Jakob í ljóðinu „Í tvö þúsund ár“ (áður birt í *Kirkjuritinu*, 1985). Í því tilviki eru vísanirnar í frásagnir *Fyrstu Mósebókar* um Jakob skýrastar í öðru og fjórða erindi ljóðsins. Fyrirnefnda erindið er þannig:

Og hælhalðararnir<sup>45</sup>  
og harmkvælasynirnir  
sem lærðu klæki  
mæðra sinna  
við öskustóna  
Hvað geta þeir keypt  
fyrir baunaskálarnar sínar?<sup>46</sup>

<sup>39</sup> Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni, *Nöfn Íslendinga*, Reykjavík: Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar, 1991, bls. 335.

<sup>40</sup> Gerhard von Rad, *Genesis: A Commentary*, 2. útg., ensk þýð. John H. Marks, The Old Testament Library, ritstj. G. Ernest Wright o.fl., London: SCM Press, 1963, bls. 320.

<sup>41</sup> Dan 5.5.

<sup>42</sup> Jóh 14.6.

<sup>43</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 226.

<sup>44</sup> Þorleifur Hauksson, *Úr þagnarbyl*, bls. 175.

<sup>45</sup> Um nafnið Jakob sjá framar.

<sup>46</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 102. Sjá Vilborg Dagbjartsdóttir, „Í tvö þúsund ár“, *Kirkjuritið* 51:3/1985, bls. 52–53.

Hér er vísað til þess er Jakob komst yfir frumburðarrétt Esaús „eldri“ tvíburabróður síns gegn diskri af baunarétti og náði síðar blessun Ísaks, föður þeirra, með kærskufullum ráðum móður þeirra, Rebekku.<sup>47</sup> Fleirtalan á persónunum í ljóðunum ljær ljóðinu á hinn bóginn víðtækari skírskotun og hefur inntak þess yfir tíma og rúm. Þar með tjáir erindið almenn sannindi um mannlega hegðun. Freistandi er að leita hælhalðaranna í ljóðinu sem kemur næst í röðinni í ljóðasafninu, en það nefnist „Heimstjórnarfundur“. Þar segir frá „svartklæddum, sköllóttum, skegglausum hvítflibbaþrælum“ sem sitja í „alheimsráðinu“ og tákna valdaklíkur heimsins.<sup>48</sup> Ádeilan sem fram kemur á þá beinist einkum að undirferli valdhafanna.

Í fyrri hluta fjórða erindis heldur vísunin til sagnabálksins um Jakob áfram. Þar er vísað til þess er Ísak hafði sent Jakob í hina frægu kvonbænaferð hans á fund Labans, móðurbróður síns í Mesópótamíu. Á leiðinni lagðist hann til svefns við helgistaðinn Betel með stein undir höfði og dreymdi að Drottinn vitjaði hans með fyrirheiti um að niðjar hans skyldu verða sem duft jarðar og allar ættkvíslir heims hljóta blessun af afkvæmi hans.<sup>49</sup> Síðari hlutinn vísar aftur á móti til þess er Jósef, sonur Jakobs, réð draum Faraós.<sup>50</sup> Sá atburður olli hvörfum í harmsögu Jósefs og þar með Ísraelsmanna. Ljóðið boðar þó ekki bjartsýni þar sem staðhæft er að nú sé tilgangslaust að ráða drauma valdsherranna. Slíkt nægi ekki lengur til frelsis.

Þriðja erindið má skilja sem samandregna sögu Ísraelsþjóðarinnar líkt og frásöguna af Jakobsglímunni:

Landinu hefur þegar verið skipt  
og því deilt til útarfa  
Nú er svo komið  
að enginn er sá staður  
á allri jörðinni  
er gæti orðið þeim hæli  
í útleið<sup>51</sup>

Bókstaflega skilið má líta svo á að ljóðið fjalli um Gyðinga, afkomendur Ísraelsmanna hinna fornu. Hugsanlegt er að skilja erindið víðari skilningi eða þannig að það eigi ekki aðeins við um Palestínu og Ísraelsþjóðina heldur öll þau sem beitt eru ofríki og ofsóknum eða verða að flýja heimkynni sín. Á þann hátt öðlast erindið nýja merkingu nú á tímum þegar straumur flóttamanna liggur frá Mið-Austurlöndum til Evrópu þótt auðvitað öðlist ljóðið fyrst þá skírskotun í huga lesandans.

Upphafs- og lokaerindi ljóðsins mynda svo ramma um það sem gefur því skarpt sjónarhorn og breytir því í hvatningaróð til allra þeirra mæðra sem í tvö þúsund ár hafa grátið „krossfesta frumburði“ sína.<sup>52</sup> Mæðrum pólitískra fórnarlamba á öllum tímum er þar með veitt staða við hlið Maríu guðsmóður. Í lokin eru þær hvattar til að rísa upp:

Er ekki kominn tími  
til þess að rísa upp  
og kasta af okkur

<sup>47</sup> 1Mós 25.19–34, 27.1–29.

<sup>48</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 104–105.

<sup>49</sup> 1Mós 28.10–22.

<sup>50</sup> Sama rit, 41.1–36.

<sup>51</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 103.

<sup>52</sup> Sama rit, bls. 102.



skýlunum?  
Við erum hvort sem er  
allar snoðklipptar.<sup>53</sup>

Vegna tengingarinnar við sögu Ísraelsmanna er freistandi að skilja snoðklipptu konurnar sem vísun til fórnarlamba í útrýmingarbúðum nasista. Ofbeldi og kúgun gegn konum, ekki síst á ófriðartímum, hefur þó bæði fyrr og síðar falist í að raka af þeim höfuðhárið. Skírskotunin er því mun víðtækari. Hér er kallað eftir virku andófi af hálfu undirokaðra kvenna sem berjast fyrir réttlæti og þær hvattar til að rísa upp „krossfestum“ eða pyntuðum börnum sínum til bjargar. Einmitt um það leyti sem ljóðið var birt í *Kirkejuritinu* hvöttu ýmsar kirkjur, kirknasamtök og guðfræðingar ásamt mörgum öðrum til slíks andófs. Áberandi hreyfing í þessa veru braust t.d. fram í Argentínu um 1980. Þar safnaðist hópur mæðra með hvítar slæður á höfði reglulega til þögulla mótmæla á Plaza de Mayo fyrir framan forsetahöllina í hjarta höfuðborgarinnar, Buenos Aires.<sup>54</sup>

Hér samsamar skáldið sig hinum snoðklipptu mæðrum með afgerandi móti. Þar kemur fram þjóðþekkt hlið á Vilborgu Dagbjartsdóttur. Hún er ekki aðeins eitt af höfuðskáldum okkar heldur áberandi baráttukona gegn hernaðarumsvifum, hersetu í landinu á sínum tíma og félagslegu ranglæti í ýmsum myndum.<sup>55</sup> Hér er ekki litið á Vilborgu sem boðandi skáld. Aðeins skal bent á að siðferðis- og samfélagssýn hennar brýst sterkt fram í skáldskapnum þegar því er að skipta. Skáldið og baráttukonan er ein og sama persónan.

Samfélagsleg afstaða Vilborgar kemur einnig glöggt fram í ljóðinu „Og enn sem fyrr“ sem birtist í *Dverggljúm* (1968). Titill ljóðsins er merkingarþrunginn þar sem ófriðarástand, sem ríkti þegar ljóðið varð til, er skoðað í ljósi frásagna Gamla testamentisins af landvinningum Ísraelsmanna til forna. Með myndinni sem dregin er upp í ljóðinu er sigurhátíð Gyðinga eftir sex daga stríðið í júní 1967 lýst en í henni er sú sena fléttuð saman við fyrstu landtöku Ísraelsmanna og umsátrið um Jeríkó sem sagt er frá í 6. kap. *Jósúabókar*:

Nú blása þeir í hrútshornin,  
sigurvegararnir,  
hlæjandi við Grátmúrinn.<sup>56</sup>

Í ljóðinu teflir Vilborg saman háreysti sigurvegara og gráti fórnarlamba, styrk og vanmætti, ofsóknum og þjáningu sem ávallt fylgir stríði og átökum. Í kjölfar þessarar svipmyndar, sem gæti verið fréttamynd frá tilurðartíma ljóðsins, varpar hún ljósi á samtímaaðstæður í lok stríðsins en hverfur svo aftur til fyrstu landtökusögunnar með senu sem sótt er til „Jeftaþáttar“ í *Dómarabókinni* (kap. 10–12). Jefta var dómari eða foringi Ísraelsmanna í baráttu þeirra við Ammoníta á leið þeirra inn í fyrirheitna landið. Fyrir úrslitaátökin hét hann að forna Drottni sem brennifórn hverjum þeim sem fyrstur kæmi út úr húsi hans til móts við hann ef hann sneri aftur sem sigurvegari. Drottinn heyrði áheit hans og gaf honum sigur. Þegar hann sneri heim kom ung einkadóttir hans á móti honum „með bumbum og dansi“. Reif hann þá klæði sín í örvæntingu. Hún hvatti hann aftur á móti til að standa við heit sitt en baðst tveggja mánaða griða til að fara „[...] hér ofan í fjöllin [...]“ með stallsysturum

<sup>53</sup> Sama rit, bls. 103.

<sup>54</sup> Arnfríður Guðmundsdóttir og Hjalti Hugason, „Guðfræðin í pólitíkinni — pólitíkin í guðfræðinni“, *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands* 2–3/2009, bls. 57–79, hér 75–76.

<sup>55</sup> Kristín Marja Baldursdóttir, *Mynd af konu*, bls. 132–136; Þorleifur Hauksson, *Úr þagnarhlyl*, bls. 87, 123, 232–240.

<sup>56</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 52. Sjálf átti Vilborg eftir að vitja Grátmúrsins og blása í hrútshorn í Ísraelsheimsókn sinni. Þorleifur Hauksson, *Úr þagnarhlyl*, bls. 272–275.

sínum til að gráta „[...] að ég verð að deyja ung mæð.“ Að þeim tíma liðnum var henni fórnad.<sup>57</sup> Eftir þessa vísun kemur hvatningin:

Dætur Ísraels,  
farið ofan í fjöllin  
og grátið.<sup>58</sup>

Erindið getur vísað til þess síðar sem sagt er frá í *Dómarabókinni* (11.39–40) og fólst í að ungar stúlkur í Ísrael grétu dóttur Jefta í fjóra daga ár hvert. Þó má einnig taka erindið sem ákall til kvenna í Ísrael um að taka ekki þátt í fögnuði hinna herskáu karla heldur gráta það ástand sem styrjaldarrekstri er samfara. Lokaerindið rennir stoðum undir þá túlkun en það er hörð ádeila á hernaðarhyggju og styrjaldarrekstur:

Stuttur frestur er ykkur gefinn.  
Altari er reist fyrir brennifórnina.  
Grimmur er Jahve.  
Grimmur er drottinn hins slóttuga Moshe Dayan.<sup>59</sup>

Ljóðið vakti athygli bókmenntagagnrýnenda og var mat þeirra nokkuð mismunandi.<sup>60</sup> Lokaending ljóðsins fór t.d. illa í íhaldssaman gagnrýnanda sem virðist hafa þótt hún of beinskýtt og e.t.v. verið mótfallinn því að ljóðlistinni væri beitt svo markvisst til að koma pólitískri ádrepu á framfæri.<sup>61</sup>

## Kynjapólitík

Vilborg Dagbjartsdóttir hefur vissulega tekið afstöðu gegn kvennaguðfræði í þeirri mynd sem Kvennakirkjan hefur sett hana fram.<sup>62</sup> Hún hefur á hinn bóginn verið virk í kvenfrelsis-hreyfingunni.<sup>63</sup> Það er því ekki að undra að kynjapólitík kemur skýrt fram í a.m.k. einu biblíuljóða hennar sem nefnist „Karl og kona“.

Fyrri erindi þess ljóðs fjallar um köllun Móse en hið síðara um boðun Maríu. Líta má svo á að hér dragi Vilborg fram hliðstæðar frásagnir í forsögu hins gamla og hins nýja sáttmála Drottins við lýð sinn og/eða mannkyn. Jafnframt varpar ljóðið ljósi á mismunandi stöðu karla og kvenna í einkalífi, samfélagi og stofnunum eins og kirkjunni og því þá ekki frammi fyrir Guði? Orðfæri ljóðsins afhjúpar einnig þá kynjuðu orðræðu sem enn er viðhöfð um mismunandi stöðu og hlutverk karla og kvenna.<sup>64</sup>

„Drottinn guð lífsins“ á í fyrri hluta ljóðsins „Karl og kona“ erindi við fjárhirðinn Móse en honum kemur ónefnd kona, það er María, í hug í hinum síðari. Fundum Drottins og Móse ber saman í fyrri erindinu og Drottinn tekur Móse tali. Í hinu síðara sendir Drottinn Gabríel skutilsvein sinn með laumuleg skilaboð til Maríu. Drottinn vill gera Móse að jarli

<sup>57</sup> Dóm 11.30–31, 34–39; Þorleifur Hauksson, „Bak við marglitan glaum daganna“, bls. 16–17.

<sup>58</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 52.

<sup>59</sup> Sama rit, bls. 52.

<sup>60</sup> Ólafur Jónsson, „Myndir hugans“, *Alþýðublaðið* 26. nóvember 1968, bls. 14. Sjá Þorleifur Hauksson, „Bak við marglitan glaum daganna“, bls. 17.

<sup>61</sup> Erlendur Jónsson, „Ný ljóð frá Vilborgu“, *Morgunblaðið* 23. nóvember 1968, bls. 13.

<sup>62</sup> Kristín Marja Baldursdóttir, *Mynd af konu*, bls. 140–141.

<sup>63</sup> „Formbylting og módernismi“, bls. 154; Kristín Marja Baldursdóttir, *Mynd af konu*, bls. 88–106; Þorleifur Hauksson, *Úr þagnarhyl*, bls. 261–269.

<sup>64</sup> Sama hugsun kemur fram í „Morgunverk“ (Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 109–111) sem tæpast getur talist biblíuljóð þrátt fyrir að þar komi fram tilvísun í boðorðin og sáttmálann á Sínaí, sjá 2Mós 19.1–20.17.

sínum, þeir þjarka lengi dags en semja sem tveir jafningjar og að lokum lofar Móse „[...] fyrir sitt leyti að halda samninginn“!<sup>65</sup> Hin „furðulegu skilaboð frá húsbóndanum“ stofna framtíð Maríu hins vegar í tvísýnu. Ljóðinu lýkur svo:

Stúlkan laut þrisvar svo enni hennar nam við gólf  
og mælti án umþenkingar: „Sjá ég er ambátt Drottins.“<sup>66</sup>

Gamla sáttmálanum er lýst sem karllægum og hann látinn grundvallast á reiptogi, samningamakki og pólitík og tryggir hagsmuni beggja. Hinn nýi er kvenlægur, hvílir á undirgefni og hlýðni. Móse, „þrælborinn uppreisnarmaður og útlagi“, verður jarl. María, sem var „af vammlausri fjölskyldu“ og heitin „forstöndugum“ iðnaðarmanni, verður ambátt.<sup>67</sup>

Ljóðið er beinskeytt innlegg í kynjabaráttu samtímans en jafnframt felst í því djúpur guðfræðilegur undirtónn sem vísar til lögmálshyggju Gamla testamentisins og píslar-guðfræðinnar sem víða kemur fyrir í Nýja testamentinu.

### Lögmál og fagnaðarerindi

„Kyndilmessa“ úr samnefndri bók (1971) er eitt trúarlegasta ljóð Vilborgar. Það byggist þó ekki á einstökum frásögnum Ritningarinnar eða vísunum til hennar heldur til helgisiða kristinnar kirkju í vestri og jafnvel austri.<sup>68</sup> Nærtækt er þó að líta á annan hluta þess sem nokkurs konar útdrátt eða samnefnara úr spámannaritum Gamla testamentisins og þar með sem biblíuljóð í sértækri merkingu. Þar kemur dómstef spámannaritanna og þá einkum svokallaðra 8. aldar spámanna, Jesaja, Amosar og Hósea, vel fram. Allir lögðu þeir áherslu á að réttlæti héldist í hendur við helgihald og trúariðkun, auk þess sem þeir gagnrýndu samtímafólk sitt fyrir að lifa í vellystingum en láta sig kjör lítilmagnans litlu skipta:<sup>69</sup>

Orð Drottins kom til mín<sup>70</sup> í stofunni  
þar sem ég sat yfir kaffibolla.  
Mér varð svo bilt við fyrsta veið  
að ég slökkti í sígarettunni.  
Vei! sagði Drottinn<sup>71</sup>  
þið reisið yndishús í glæpadal  
og standið á blístri af ofáti  
en heyrið ekki hungurvein Biafra.  
Vei! Vei! sagði Drottinn  
þið emjið af frygð svo danssalirnir nötra  
meðan frelsissöngurinn er kæfður í Kurdistan

<sup>65</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 53.

<sup>66</sup> Sama rit, bls. 53–54.

<sup>67</sup> Sama rit, bls. 53–54.

<sup>68</sup> Silja Aðalsteinsdóttir, „Andlit í djúpinu, brosandí: Viðtal við Vilborgu Dagbjartsdóttur, skáld“, *Tímarit Máls og menningar* 50:4/1989, bls. 407–429, hér 425–426; Dagný Kristjánsdóttir, „Ljós í húsi: Um „Kyndilmessu“ Vilborgar Dagbjartsdóttur“, *Heimur ljóðsins*, ritstj. Ástráður Eysteinnsson o.fl., Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005, bls. 80–93. Vegna vísananna til Önnu Akhmatovu, Leníns og Stalíns er þó áhugavert að spyrja hvort helgisiðafræðilegur bakgrunnur ljóðaflokksins geti þrátt fyrir allt ekki fremur verið rússnesk-örþódox en kaþólskur. Hinn örþódoxi bakgrunnur mótar þá einkum fjórða hluta bálsins þar sem gengið er milli helgimynda, íkona, ýmissa „dýrlinga“ og kveikt á kertum frammi fyrir þeim. Þar fyrir þarf ekki að skýra einstaka þætti ljóðabálsins út frá örþódoxu lítúrgíunni fremur en hinni kaþólsku né heldur hafna að tengsl séu líka við aðrar ljósahefðir tengdar kyndilmessu.

<sup>69</sup> Ég þakka Gunnlaugi Andreasi Jónssyni prófessor góðar ábendingar varðandi þetta atriði.

<sup>70</sup> Sjá t.d. ýmis vers í 1. kap. *Jeremía*.

<sup>71</sup> Sjá t.d. Jer 22.13, 23.1.

og fangelsisveggirnir bresta  
undan kvalastununum í Grikklandi.  
Veil! Veil! Veil! sagði Drottinn  
þið hórur sem veltið ykkur  
á hvílubeðjarhægindunum  
meðan þungaðar konur  
eru ristar á kviðinn í Vietnam.  
Þá skrúfaði ég frá hljóðvarpinu  
og poppmessan yfirgnæfði karlinn.<sup>72</sup>

Þetta erindi sýnir jafnframt vel hvernig Vilborg Dagbjartsdóttir víkur frá hefðbundnu, lúthersku biblíukveðskaparhefðinni sem kynnt var í upphafi greinarinnar með því að endursegja ekki aðeins ritningartextana í ljóðum heldur heimfæra þá jafnframt upp á aðstæður í samtíma sínum, í þessu tilviki skelfilegt ástand heimsmálanna í lok sjöunda áratugar liðinnar aldar og í upphafi þess áttunda. Þannig notar hún biblíuljóðin til að koma á framfæri brýnum félagspólitískum boðskap í stað þess kirkjulega sem hinum hefðbundna biblíukveðskap var ætlað að gera. (Þjóð)kirkjunni virðist stillt upp í nóturlegu ljósi í lok erindisins. Í stað þess að taka þátt í baráttu fyrir réttlæti og betri heimi lætur hún nægja að elta yfirborðslega dægurmenningu af því tagi sem fremur slær á félagslega vitund en eflir hana.

Á líkan hátt er nærtækt að skoða ljóðið „Köllun“ (fyrst birt í *Tímariti Máls og menningar*, 1973) sem nokkurs konar þversummu af guðspjöllunum. Vísanir ljóðsins eru þó ekki allar til „kanónískra“ frásagna Nýja testamentisins heldur einnig apókrýfs texta. Þá má greina í ljóðinu vísun til reynsluheims skáldsins en líklegt er að þreyta útivinnandi húsmóður ráði nokkru um þunga „húskrossins“ sem minnst er á. Einnig er allt eins líklegt að fjöruna og flagið sem við sögu koma sé að finna á æskustöðvum skáldsins austur á Vestdalseyri og suður í Palestínu:

Þarna fer hann átvaglið og vínsvelgurinn<sup>73</sup>  
hversu oft hefur mig ekki langað til  
að varpa af mér húskrossinum<sup>74</sup>  
og fylgja honum<sup>75</sup>  
ég gæti setið við fætur hans<sup>76</sup>  
í forsælu undir fíkjutré<sup>77</sup>  
og undrast  
yndisleg orð hans<sup>78</sup>  
eða hlaupið með honum  
niður í fjöru  
og horft á hann þára í sandinn<sup>79</sup>  
myndir af fiskum<sup>80</sup>  
kannski færum við út í flag

<sup>72</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 74.

<sup>73</sup> Matt 11.19; Lúk 7.34.

<sup>74</sup> Kristín Marja Baldursdóttir, *Mynd af konu*, bls. 79. Sjá og Matt 10.38, 16.24; Mrk 8.34; Lúk 9. 32, 14.27.

<sup>75</sup> Matt 4.18–22; Mrk 1.16–20; Lúk 5.1–11.

<sup>76</sup> Lúk 10.38–42.

<sup>77</sup> Jóh 1.48–49. Sjá og Matt. 21.19–21; Mrk 11.13–21; Kristín Marja Baldursdóttir, *Mynd af konu*, bls. 78–79.

<sup>78</sup> Sjá Lúk 4.22, 24.32.

<sup>79</sup> Jóh 8.3–6.

<sup>80</sup> Fiskurinn (gr. *ichthys*) var tákn Krists í frumkristni líkt og krossinn varð síðar.

að hnoða leirfugla<sup>81</sup>

á eftir kæmumst við í partí  
hjá einhverjum tollheimtumanninum<sup>82</sup>  
ellegar í sveitabrúðkaup  
þar sem væri nóg  
að éta og drekka<sup>83</sup>  
alveg væri ég til í  
að gera uppsteyt á torginu<sup>84</sup>  
hneyksla hina rétttrúuðu í samkunduhúsinu<sup>85</sup>  
og velta um borðum mangaranna  
í musterisgarðinum.<sup>86</sup>

Orðfæri ljóðsins ber vitni um gáska og gleði sem myndar skarpa andstæðu við þann spámannlega stíl sem fram kemur í öðrum hluta „Kyndilmessu“. Þarna eru því komnar andstæður lögmáls og fagnaðarerindis sem eru svo ríkar í lútherskri guðfræðihefð.

## Vor og von

Fyrsta ljóðið í annarri ljóðabók Vilborgar Dagbjartsdóttur, „Páskaliljur“ (*Dvergliljur*), er biblíuljóð. Þar er frásaga guðspjallanna af því er konurnar vitjuðu grafar Krists að morgni þriðja dags eftir krossfestinguna.<sup>87</sup> Í upphafi er frásagan sett á svið en um miðbikið hverfist ljóðið yfir í vorljóð þar sem páskaliljur gegna viðamiklu hlutverki:

Morguninn eftir komu konurnar  
til þess að gráta við gröfina.  
Og sjá: Þær fundu gul blóm  
sem höfðu sprungið út um nóttina.  
Vorið var komið  
þrátt fyrir allt.<sup>88</sup>

Líta má á ljóðið sem „afmýtológiserað“ eða veraldlegt („sekulert“) páskaljóð.<sup>89</sup> Í stað upprisunnar er það óvænt vorkoma eftir harðan vetur sem vekur von. Þannig séð miðlar

<sup>81</sup> Hér er vísað til frásagnar sem finna má í einu af apókrýfu guðspjöllunum sem hefur að geyma frásagnir af æsku Krists og kennt er við Tómas postula. Þar segir frá því að Jesús hafi mótað 12 spörfugla af leir á hvíldardegi er hann var fimm ára. Gyðingi nokkrum blöskraði og gerði Jósef viðvart. Hann fór á staðinn og ávitaði Jesú. Er Jesús sá hann klappaði hann saman höndum og hrópaði: Fljúgið. Við það öðludust fuglarnir líf og flugu syngjandi brott. „Thomas barndomsevangelium“, *Apokryferna till Nya testamentet*, útg. Bertil E. Gärtner, Stokkhólmi: Svenska Bibelselskapet, Proprius förlag, 1972, bls. 82–93, hér 83.

<sup>82</sup> Sjá t.d. Lúk 19.1–6.

<sup>83</sup> Jóh 2.1–10.

<sup>84</sup> Mrk 6.53–56.

<sup>85</sup> Matt 13.53–58; Mrk 6.1–6; Lúk 4.16–30.

<sup>86</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 101; Matt 21.12–17; Mrk 11.15–19; Lúk 19.45–48; Jóh 2.13–22. Sjá Kristín Marja Baldursdóttir, *Mynd af konu*, bls. 77–80.

<sup>87</sup> Matt 28.1–7; Mrk 16.1–8; Lúk 24.1–12. Í *Jóhannesarguðspjalli* segir aðeins frá ferð Maríu Magdalenu að gröfinni (Jóh 20.1).

<sup>88</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 51.

<sup>89</sup> Um „afmýtológiseringu“ sjá t.d. Rudolf Bultmann, *Jesus Kristus och avmytologiseringen*, Lundi: Gleerups, 1968. Mýtólógískust er frásaga *Mattæusarguðspjalls* þar sem segir að jarðskjálfti hafi orðið og engill Drottins stigið niður af himni eins og elding ásýndum í hvítum klæðum og hann velt steininum frá grafarmunnanum (Matt 2–3). Í *Markúsarguðspjalli* er rætt um ungan mann í hvítri skikkju (Mrk 16.5) og í *Lúkasarguðspjalli* er rætt um tvo menn í leifrandi klæðum (Lúk 24.4). Augljóst virðist að í báðum síðari tilvikunum sé átt við engla í mannsmynd.

ljóðið sístæðri reynslu okkar norðurhjarafólks. Grunnstefi upprisufrásögunnar og páska-hátíðarinnar, voninni, er þó þrátt fyrir allt miðlað í ljóðinu.

Páskastefið, og ljurnar sem tákni þess, kemur aftur fram í lokaljóði nýjustu bókar Vilborgar en það nefnist „Vor“ (*Síðdegi*, 2010). Minnið hefur því verið henni nærtækt mestan hluta skáldferilsins líkt og Jakobsstefið. Þetta síðara ljóð er þó ekki biblíuljóð:

Regndropar hanga  
á snúrunni og glitra  
eins og demantar.

Páskaliljurnar  
reisa döggevot höfuð sín  
móti birtunni.

Hlý morgunsólin  
strýkur allt mjúkum fingrum  
og þerrar tárin.

Nýr og hreinn heimur  
fagnar með klukknahtjómi  
upprisu lífsins.<sup>90</sup>

Líkt og í eldra ljóðinu er það upprisa lífsins að vori fremur en upprisa Krists sem kveðið er um. Klukknahtjómurinn sem endurómar heitið á einni þekktustu ljóðabók Vilborgar (þ.e. *Klukkan í turninum*) gefur ljóðinu þó undirtón sem ekki skal vanmetinn. Þar með er komið að einni af rannsóknarspurningum þessarar greinar, þ.e. hvort biblíuljóð Vilborgar séu trúarlegs eðlis í einhverri sértækri merkingu þess orðs. Hér verður þeirri spurningu ekki svarað endanlega en látið nægja að benda á að þau séu síst trúarlegri en mörg önnur ljóð þessa djúphugula skálds.

## Lokaorð

Áhugavert er að skoða biblíuljóð Vilborgar Dagbjartsdóttur í ljósi íslenskrar biblíukveðskaparhefðar í lútherskum sið. Hinn hefðbundni biblíukveðskapur þjónaði markvissu kirkjulegu hlutverki á sviði boðunar og uppfræðslu. Í upphafi skipti boðunin líklega mestu en undir lokin hafði uppfræðslan að miklu leyti tekið yfir líkt og fram kemur í biblíukveðskap Valdímars Briem. Honum var ætlað að vera sögur og/eða myndir í bundnu máli sem þjónuðu þeim tilgangi að festa almenningi sagnaheim Biblíunnar í minni. Af þeim sökum endursagði hann frásagnir Ritningarinnar á sem hlutlausastan hátt. Vilborg Dagbjartsdóttir sækir í sama sagnaheim í biblíuljóðum sínum. Í þeim gætir þó frekar persónulegrar glímu skáldsins við sjálft sig og samtíð sína en tilrauna til uppfræðslu. Vissulega má þó sjá óbein tengsl við fræðsluhefðina þegar ljóð sprettur upp úr reynsluheimi kristinfræðikennara sem ræðir sköpunarhugsunina við nemendur sína.

Vilborg Dagbjartsdóttir beitir almennt skapandi efnistöfum í biblíuljóðum sínum á þann hátt að hún endursegir ekki textana í ljóðunum heldur samsamar þá jafnan reynsluheimi

<sup>90</sup> Vilborg Dagbjartsdóttir, *Ljóðasafn*, bls. 238.

sínum, heimfærir þá upp á aðstæður í tíma og rúmi eða skoðar huga sinn, tilfinningar og samtíð í ljósi þeirra. Biblíutextarnir þjóna þannig mikilvægu hlutverki í glímu skáldsins við tilvist sína frekar en að þeir leggi til hið eiginlega yrkisefni.

Ljóst er að einstakar frásagnir Ritningarinnar hafa reynst Vilborgu frjóar til að lifa sig inn í aðstæður og kjör sögupersóna úr Biblíunni, upplifa og tjá samlíðan með þeim og jafnvel tjá eigin tilfinningar með hjálp frásagnanna. Þetta má glöggt sjá í tilviki Tamarar í Gamla testamentinu sem leitaði á Vilborgu í upphafi ferilsins. Ættfaðirinn Jakob og örlög hans hafa þó einnig orkað sterkt á Vilborgu sem sýnir að hún er ekki bundin af kynferði sögupersónanna.

Þá hafa textar Biblíunnar reynst Vilborgu haldgóðir til að koma á framfæri þjóðfélagsrýni og róttækri samfélagssýn sinni. Í biblíuljóðum sínum gagnrýnir hún sjálfumgláðan hroka valdsmanna og ræðst gegn hernaðarhyggju og ranglátri skiptingu jarðargæða en glímur líka við misjafna stöðu kynjanna. Hún er róttækur samfélagsrýnir, auk þess að vera skáld, og kemur sá þáttur hennar bæði fram í kveðskapnum og utan hans.

Ekki má þó yfirdrifa hinn gagnrýna tón biblíuljóðanna. Þar gætir líka gáska og skopskyns sem eru áberandi þættir í kveðskap Vilborgar sem hafa orðið meira áberandi með árunum.

Ekki verður sagt að biblíuljóð Vilborgar Dagbjartsdóttur séu sérstaklega trúarleg eða að þau séu meðal trúarlegustu ljóða hennar sjálfrar. Þvert á móti má líta á þau sem snaran þátt í ljóðagerð hennar sem ber um flest sömu einkenni og gegna svipuðu hlutverki og ljóðheimur hennar í heild, að tjá tilfinningar, koma á framfæri gagnrýni, vekja til umhugsunar en umfram allt vera farvegur hreinnar ljóðrænnar tjáningar. Með vissum hætti má segja að biblíuljóð Vilborgar sýni að sagnaheimur Biblíunnar getur lifað eigin lífi og þjónað merkingarbæru hlutverki í samtímanum óháð trú. Er það óneitanlega umhugsunarverð niðurstaða á tímum þegar margir líta svo á að Biblían hafi fyrst og fremst að geyma rykfallnar leifar af hruninni heimsmynd. Í höndum Vilborgar Dagbjartsdóttur reynast frásagnir Biblíunnar þvert á móti lifandi bókmenntir sem enn eru þess megnugar að tjá tilfinningar og reynast haldgóðar í þeirri viðleitni hennar að byggja betri heim og auðga mannlífið.